

**Efni: Umsögn Péturs Snæbjörnssonar Reynihlið hf. um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018-2022, mál nr. 402 á 146. löggjafarþingi.**

Undirritaður gerir alvarlegar athugasemdir við fyrirætlanir um hækkun virðisaukaskatts á ferðaþjónustu í hæsta þrep. Engin greining á afleiðingum hækkunarinnar virðist liggja að baki henni, í það minnsta hefur engin greining verið birt.

Það er alveg ljóst að hækkunin mun hafa mikil og neikvæð áhrif á ferðaþjónustuna, sérstaklega á landsbyggðinni. Það er eðlileg krafa að slíkar stórbreytingar sem hafa mikil og neikvæð áhrif á mikilvæga atvinnugrein séu ekki gerðar nema að vandlega athuguðu máli og að ítarleg greining liggi til grundvallar á afleiðingum þeirra, m.a. áhrif á afkomu fyrirtækja í greininni, atvinnuframboð og hvort raunverulegar tekjur koma til með að skila sér í ríkiskassann þegar öll áhrif eru fram komin.

M.a. er nauðsynlegt að taka inn í myndina hve stórt hlutfall af neyslunni innanlands er vegna erlendra gesta og þá hve stórt hlutfall neysluskattana kemur úr þeirra vasa. Þessir greiðendur nýta ekki grunnstoðir samfélagsins eins og til dæmis menntakerfið. Þeir eru fullborgandi viðskiptavinir í heilbrigðiskerfinu og greiða eldsneytisgjöld fyrir notkun sína á vegakerfinu. Því er t.d. nauðsynlegt að vita hvernig tekjumyndin lítur út nyti þessara greiðenda ekki við og afleiðingar þess að fæla þá frá.

Sala á vörum til erlendra gesta er hagkvæm útflutningsleið og því er ótækt að setja hana í hæsta þrep virðisaukaskatts jafnvel á meðan sumar aðrar útflutningsgreinar njóta stuðnings.

Sé full alvara á bak við þá hugmynd að láta þá hækkun sem hér um ræðir koma til framkvæmda er amk. nauðsynlegt að gistináttaskattur sem nú er í gildi verði felldur niður og gefin verði marktæk fyrirheit um að frekari álögur eða almenn gjaldheimta af erlendum gestum komi ekki til framkvæmda í framtíðinni. Ferðaþjónustan getur ekki búið til framtíðar við það óvissuumhverfi að ríkisvaldið leggi á skatta og gjöld eftir geðþótta hverju sinni án þess að afleiðingarnar séu greindar og án samráðs við aðila innan greinarinnar.

*Pétur Snæbjörnsson*  
*General Manager*  
*Reynihlið hf*  
*660 Mývatn*  
*Iceland*  
[www.myvatnhotel.is](http://www.myvatnhotel.is)  
[petur@myvatnhotel.is](mailto:petur@myvatnhotel.is)